

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 291/1994.

Hið íslenska kennarafélag

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Ólafi Hauki Johnson

(Hreinn Loftsson hrl.)

og gagnsök

Lögbann. Skaðabætur. Miski.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. júní 1994 og gerir þær kröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Til vara krefst aðaláfrýjandi lækkunar á dómkröfum og að upphafstími dráttarvaxta verði miðaður við uppsögu dóms Hæstaréttar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1994 og gerir þær kröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu á 3.086.655 krónum ásamt dráttarvöxtum frá 23. september 1993. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdómara, að aðaláfrýjandi beri samkvæmt almennum skaðabótareglum og 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. skaðabótaábyrgð á tjóni, sem gagnáfrýjandi varð fyrir af aðgerðum, er aðaláfrýjandi beitti í því skyni að hindra starfsemi sumarskóla gagnáfrýjanda og Péturs Björns Péturssonar vorið og sumarið 1993. Er þá aðeins til úrlausnar það tjón, sem gagnáfrýjandi telur sig einan hafa orðið fyrir. Bótaábyrgð styðst samkvæmt lögum nr. 31/1990 við 6. mgr., sbr. 1. mgr. 42. gr. þeirra. Verður nú vikið að einstökum liðum bótakröfu gagnáfrýjanda.

Um 1. lið. Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, hafnaði Héraðsdómur Reykjavíkur með úrskurði 30. júní 1993 kröfu aðaláfrýjanda um, að lögbann yrði lagt við því, að gagnáfrýjandi starfrækti

eða tæki þátt í rekstri „Sumarskóla framhaldsskólanna“. Í úrskurðinum var aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað. Úrskurðurinn er endanlegur og bindur því aðila þessa máls. Verður aðaláfrýjanda þess vegna ekki gert að greiða gagnáfrýjanda frekari bæt看 fyrir kostnað hans af lögþannsmálinu.

Um 2. lið. Kröfuliður þessi er fyrir fjártjón, sem gagnáfrýjandi telur sig hafa orðið fyrir vegna vinnu, sem hann innti af hendi í tengslum við lögþannsmálið. Í framangreindum úrskurði héraðsdómara hefur þegar verið tekin afstaða til málskostnaðar í lögþannsmálinu, sbr. g-lið 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þessi kröfuliður á því ekki stoð í lögum og verður ekki tekinn til greina.

Um 3. og 4. lið. Undir þessum liðum er krafist bóta fyrir fjártjón, sem gagnáfrýjandi kveðst hafa orðið fyrir vegna aðgerða aðaláfrýjanda. Með vísun til forsendna héraðsdóms verður að fallast á, að gagnáfrýjandi hafi fært nægileg rök fyrir því, að hann hafi skaðast fjárhagslega sökum þess, að nokkru færri nemendur hafi sótt sumarskólann og greitt skólagjöld en ella hefði orðið. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar ekki lagt fram rekstrarreikning eða önnur gögn, sem sýni fjárhagslega afkomu skólans. Þá virðist hann miða kröfugerð sína við það, að tjón skólans af missi nemenda svari algerlega til fjárhæðar skólagjalda, sem þessir nemendur hefðu greitt. Sýnist gagnáfrýjandi þannig leggja til grundvallar, að engin útgjöld hafi sparast við minni aðsókn að skólanum.

Við ákvörðun bóta fyrir fjártjón gagnáfrýjanda samkvæmt 3. og 4. lið verður meðal annars litið til þess, sem nú var rakið. Einnig er haft í huga, að samkvæmt samningi hans og Péturs Björns Péturssonar skyldi skipta hagnaði eða tapi af starfsemi sumarskólans jafnt milli þeirra tveggja.

Eðli málsins samkvæmt er ekki unnt að sanna fjárhæð tjóns í tilviki sem þessu. Þykir því rétt að nota heimild í 1. mgr. 42. gr. laga nr. 31/1990 til að dæma skaðabætur eftir álitum. Eins og hér stendur á, verður fjárhæð bóta fyrir fjártjón og miska ákvörðuð í einu lagi, eins og nánar greinir hér á eftir.

Um 5. lið. Með skírskotun til röksemda héraðsdóms er fallist á, að aðgerðir aðaláfrýjanda hafi valdið gagnáfrýjanda miska.

Þykja heildarbætur fyrir fjártjón og miska hæfilega ákveðnar

800.000 krónur. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði. Við ákvörðun á upphafstíma vaxta er litið til 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda þykir hæfilega ákveðinn samtals 300.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Hið íslenska kennarafélag, greiði gagnáfrýjanda, Ólafi Hauki Johnson, 800.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 23. október 1993 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 1994.

Mál þetta var dómtekið 16. mars sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það er höfðað með stefnu, áritaðri af lögmanni stefnda, Viðari Má Matthíassyni, 7. september 1993 til þingfestingar hér fyrir dómi 23. september sl.

Stefnandi málsins er Ólafur Haukur Johnson, kt. 201251-3899, til heimilis að Kríunesi 7, Reykjavík, en stefndi er Hið íslenska kennarafélag, kt. 460279-1009, Lágmúla 7, Reykjavík.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 3.086.655,00 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. september 1993 til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Þá er þess krafist af hálfu stefnanda, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi að við bættum virðisaukaskatti á málskostnað. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir, sem falla á málskostnað, leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Af hálfu stefnda er krafist aðallega, að stefndi verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að stefnufjárhæð verði stórlega lækkuð og upphafstími dráttarvaxta miðaður við uppkvaðningu dóms í málinu.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Málavextir.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hóf rekstur sumarskóla sumarið 1990 að fengnu leyfi menntamálaráðuneytisins til þeirrar starfrækslu. Sumarskólinn var síðan starfræktur næstu tvö sumur með sama sniði.

Í febrúarmánuði 1993 var enn sótt um leyfi til menntamálaráðuneytis til starfrækslu sumarskóla á vegum Fjölbrautaskólans í Breiðholti sumarið 1993. Leyfið var veitt með bréfi ráðuneytisins, dags. 22. mars 1993, og þar tekið fram, að heimildin miðaðist við, að námskeiðsgjöld stæðu undir öllum kostnaði og að kennurum yrðu greidd laun í samræmi við kjarasamninga. Með bréfi menntamálaráðuneytisins, dags. 6. maí s. á., er leyfið afturkallað vegna afstöðu fjármálaráðuneytisins. Í bréfinu er tekið fram, að ráðuneytið geri ekki athugasemdir við það, að skólanefnd geri samning við einkaaðila um leigu á aðstöðu í skólanum til rekstrar sumarskóla með svipuðu sniði og verið hafi undanfarin ár.

Stefnanda virðist áður hafa verið kunnugt um þessa afstöðu ráðuneytisins, því að hann óskar eftir því í bréfi til skólameistara Fjölbrautaskólans í Breiðholti (FB), dags. 26. apríl s. á., að fá að taka skólahúsnæði á leigu á komandi sumri til starfrækslu sumarskóla.

Með bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 6. maí s. á., óskar stefnandi eftir yfirlýsingu ráðuneytisins um, að nám í fyrirhuguðum sumarskóla verði matshæft við aðra skóla, og lýsir þar yfir, að nám í skólanum verði í öllum aðalatriðum með sama hætti og verið hafi, námskröfur hinar sömu og miðað verði við námsskrá menntamálaráðuneytisins og námsvísi FB. Kennarar verði ráðnir sérstaklega til starfa, og kennarar FB muni að öðru jöfnu verða ráðnir til starfsins.

Í svarbréfi ráðuneytisins frá 7. maí s. á. er óskað eftir frekari upplýsingum um námsframboð í sumarskólanum, áður en afstaða verði tekin til erindis stefnanda.

Með bréfi til menntamálaráðuneytisins, dags. 14. maí s. á., tilgreinir stefnandi, hvaða námsáfangar verði í boði í fyrirhuguðum sumarskóla, og greinir enn fremur frá því, að fyrirhugaðir námsáfangar verði í samræmi við áfangelýsingar námsskrár menntamálaráðuneytisins. Þar upplýsir hann jafnframt, að námskröfur verði í öllu hinar sömu og gerðar hafi verið í sumarskóla FB undanfarin sumur, kennarar FB með kennsluréttindi og langa reynslu muni kenna við skólann, þar á meðal margir núverandi og fyrrverandi deildarstjórar, og námsráðgjafi FB muni ganga úr skugga um, að öllum námskröfum verði fullnægt. Á grundvelli þessara upplýsinga óskaði stefnandi eftir því, að menntamálaráðuneytið gæfi út yfirlýsingu hið fyrsta um matshæfi

námsins í aðra framhaldsskóla, þar sem innritun í skólann væri um það bil að hefjast.

Þessu bréfi stefnanda er svarað með bréfi, dags. 18. maí s. á., undirrituðu af Ólafi G. Einarssyni menntamálaráðherra og Guðríði Sigurðardóttur ráðuneytisstjóra. Þar er vísað til bréfs stefnanda frá 14. maí, en síðan segir svo í bréfinu: „Af þessu tilefni tekur menntamálaráðuneytið fram, að nám, sem fer fram samkvæmt ákvæðum námsskrár, sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu í júní 1990, og að uppfylltum skilyrðum um búnað, aðstöðu og menntun kennara, er jafngilt námi í sömu áföngum sem kenndir eru í almennum framhaldsskólum á reglulegum starfstíma þeirra án tillits til þess, hvar eða á ábyrgð hvers námið fer fram.“

Stefnandi taldi, að þar með væri fengin almenn viðurkenning menntamálaráðuneytisins á því, að nám í fyrirhuguðum skóla hans yrði talið mats hæft milli framhaldsskóla.

Hinn 24. maí s. á. ritar Eggert Lárusson, formaður stefnda, stefnanda bréf. Segir þar, að stefndi hafi fengið upplýsingar um það, að stefnandi hafi leitað eftir því við kennara, að þeir tækju að sér kennslu við „sumarskólann“ á kjörum, sem séu miklum mun lakari en leiða myndi af gildandi kjarasamningum. Þar er þess einnig getið, að ekkert liggi fyrir um, að „sumarskólanum“ hafi verið veitt starfsleyfi menntamálaráðuneytisins, né heldur, að nám þar verði viðurkennt við aðra framhaldsskóla. Félagsmenn stefnda hafi hagsmuni af því að tryggja, að öll slík starfsemi, sem hér um ræði, fari að lögum. Stefndi telji því nauðsynlegt að koma í veg fyrir starfrækslu „sumarskólans“, nema tryggt sé, að farið verði að lögum við stofnun hans og starfrækslu og að kjarasamningar verði ekki brotnir á kennurum þeim, sem taka að sér kennsluna.

Í framhaldi þessa bréfs lét stefndi birta auglýsingu í Morgunblaðinu 27. maí s. á. Efni þessarar auglýsingar er á þann veg, að nemendur eru varaðir við að sækja nám við sumarskóla stefnanda, þar sem ekkert liggi fyrir um matshæfi náms í skólanum við aðra framhaldsskóla, starfsleyfi hafi ekki verið veitt fyrir starfrækslu skólans og að stefndi muni ekki una því, að til rekstrar slíks sumarskóla komi, nema tryggt sé, að farið verði eftir gildandi kjarasamningum á viðkomandi sviði.

Lögmaður stefnanda mótmælti efni auglýsingarinnar í bréfi til formanns stefnda, dags. 27. maí s. á., og tilgreindi þar, að stefnandi myndi reka sumarskólann á eigin ábyrgð, og sé hann ekki aðili að kjarasamningum opinberra starfsmanna. Kennarar við skólann muni starfa þar sem verktakar. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu skólayfirvalda við rekstur skólans, og nám þar væri talið jafngilt námi í sömu áföngum og kenndir séu á

reglulegum starfstíma almennra framhaldsskóla að fullnægðum þeim skilyrðum, sem tilgreind voru í bréfi menntamálaráðuneytisins frá 18. maí s. á.

Þessu bréfi svaraði lögmaður stefnda með bréfi, dags. 28. maí s. á. Í niðurlagi bréfsins segir svo: „Ég vænti þess, að umbjóðandi yðar falli frá áformum sínum um rekstur „sumarskóla“, sem færi í bága við ákvæði laga og kjarasamninga, en geri hann það ekki, mun umbjóðandi minn gæta til hins ýtrasta hagsmuna sinna og félagsmanna sinna.“

Sumarskólinn hóf starfrækslu 1. júní 1993, eins og ráðgert hafði verið.

Með lögbannsbeiðni til sýslumannsins í Reykjavík, dags. 2. júní s. á., krafðist stefndi lögbanns á starfsemi sumarskóla stefnanda. Með bréfi sýslumannsins í Reykjavík til lögmans stefnda, dagsettu sama dag, er honum tilkynnt, að beiðnin verði tekin fyrir gegn fram lagðri tryggingu, sem ákveðin hafi verið 7.000.000,00 kr. Í þinghaldi hjá sýslmanninum í Reykjavík 8. júní s. á. var beiðni stefnda um lögbann synjað. Stefndi skaut þessari ákvörðun sýslumanns til Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfesti hana með úrskurði, upp kveðnum 30. júní s. á.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stórum dráttum:

Hann kvaðst hafa ákveðið ásamt Pétri Birni Péturssyni að reka sumarskóla í húsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti sumarið 1993. Starfsemi hans hafi hafist 1. júní 1993. Stuttu áður en starfsemin átti að hefjast, hafi stefnandi fengið bréf frá stefnda, þar sem félagið lýsi þeirri skoðun sinni, að starfræksla sumarskólans sé brot á kjarasamningum við kennara og lögum um framhaldsskóla. Undirbúningi hafi þó verið haldið áfram, þar sem stefnandi hafði fengið staðfestingu menntamálaráðuneytisins um, að nám við skólann yrði metið gilt við aðra skóla, enda augljóst, að yfirlýsingar stefnda stöfuðu af misskilningi eða rangri lagatúlkun. Þegar stefnda hafi verið ljóst, að stefnandi vann ótrauður að undirbúningi fyrir skólastarfið, hafi félagið reynt að trufla eða stöðva starfsemi skólans með öllum tiltækum ráðum, m. a. með því að birta auglýsingu í Morgunblaðinu 27. maí 1993. Í þessari auglýsingu hafi stefndi verið með aðdróttanir um, að starfsemi skólans væri ólögmat og að nám í skólanum myndi ekki verða metið við aðra skóla. Ljóst sé, að þessi auglýsing hafi skaðað skólann, og víst sé, að fjölmargir nemendur hafi hætt við fyrirhugað nám af ótta við, að þeir fengju það ekki viðurkennt. Hinn 27. maí 1993 hafi lögmaður stefnanda sent stefnda bréf, þar sem lýst hafi verið, að stefnandi væri í fullum rétti með rekstur sumarskólans. Þrátt fyrir þetta hafi stefndi lagt fram lögbannsbeiðni hjá sýslmanninum í Reykjavík 2. júní 1993. Hafi stefndi lagt fram tryggingu, að fjárhæð 7.000.000 kr., fyrir fyrirsjáanlegu tjóni stefnanda vegna lögbannsbeiðninnar. Lögbannsbeiðninni hafi verið hafnað með

ákvörðun sýslumanns 8. júní s. á. Stefndi hafi síðan skotið málinu til Héraðsdóms Reykjavíkur, sem staðfesti niðurstöðu sýslumanns með úrskurði, upp kveðnum 30. júní s. á.

Stefndi lýsir málavöxtum svo í stórum dráttum:

Hann sé stéttarfélag, og innan vébanda þess séu bæði kennarar við grunnskóla og framhaldsskóla. Kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti séu flestir félagsmenn stefnda. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hafi fyrstur íslenskra framhaldsskóla hafið rekstur sumarskóla. Sú starfsemi hafi hafist sumarið 1990. Nám við sumarskólann hafi fengist metið bæði við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og við aðra framhaldsskóla. Stefndi hafi verið frá öndverðu mjög hlynntur þessari starfsemi og hafi lagt til, að veitt yrði starfsleyfi til rekstrar slíks sumarskóla. Sótt hafi verið um starfsleyfi til menntamálaráðherra, áður en kom til rekstrar sumarskólans árið 1990, og hafi leyfið verið veitt með tilteknum skilyrðum. Sumarskólinn hafi verið auglýstur með sérstökum hætti og verið vel sóttur. Ágreiningur hafi síðan risið með stefnda annars vegar og menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti hins vegar um launakjör kennara við sumarskólann. Sá ágreiningur hafi varað lengi, en lokið með dómi Félagsdóms, sem féllst á kröfur stefnda í öllum meginatriðum. Sumarskólinn hafi einnig verið rekinn sumarið 1991 og enn sumarið 1992 að fengnu starfsleyfi menntamálaráðuneytisins. Í auglýsingum skólans hafi verið notað merki skólans, sem sé mjög sérstakt.

Skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti hafi sótt um leyfi til að reka þar sumarskóla sumarið 1993. Leyfi hafi verið veitt með bréfi menntamálaráðuneytis, dags. 22. mars s. á. Síðan hafi afstöðu ráðuneytisins verið breytt með bréfi, dags. 6. maí s. á., en þá hafi verið fallið frá fyrra leyfi til rekstrar sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti með sama sniði og verið hafði.

Með bréfi, dags. 26. apríl s. á., hafi stefnandi máls þessa sótt um að taka skólahúsnæði Fjölbrautaskólans í Breiðholti á leigu til rekstrar sumarskóla. Í bréfi hans komi fram, að hann hafi haft vitneskju um, að ekki myndi koma til rekstrar sumarskóla í því horfi, sem verið hafði. Stefnandi hafi síðan í bréfi til menntamálaráðuneytis, dags. 6. maí s. á., óskað eftir yfirlýsingu frá ráðuneytinu um það, að nám við fyrirhugaðan sumarskóla yrði mats hæft við aðra skóla. Menntamálaráðuneytið hafi ekki fallist á þessa beiðni og óskað eftir ýmsum upplýsingum og gögnum, áður en afstaða yrði tekin. Sú afstaða hafi ekki legið fyrir fyrr en eftir, að skráning í skólann átti að hefjast, 17. maí s. á. Margir nemendur hafi eflaust hætt við nám í sumarskólanum af þessari ástæðu. Í bréfi menntamálaráðuneytisins frá 18. maí s. á. sé ekki að finna annað en almenna yfirlýsingu um, að nám við sumarskólann væri jafngilt námi í sömu áföngum og kenndir væru í almennum

framhaldsskólum á reglulegum starfstíma þeirra, ef tilteknum skilyrðum væri fullnægt. Því hafi hvorki þá né síðar legið fyrir sérstök yfirlýsing ráðuneytisins um, að nám við sumarskóla stefnanda væri matshæft milli skóla. Hafi þetta leitt til þess, að áhugi nemenda á skólanum hafi minnkað verulega. Stefnandi hafi þrátt fyrir þetta birt auglýsingu í Morgunblaðinu 13. maí 1993 um rekstur sumarskólans. Hafi sú auglýsing verið verulega villandi í mörgum atriðum. Í fyrsta lagi hafi nánast sama táknerki verið notað fyrir skólann og notað hafði verið við auglýsingar á sumarskóla Fjölbautaskólans í Breiðholti. Notkun merkisins hafi verið mjög villandi og gefið ástæðu til að ætla, að sömu aðilar og áður stæðu að rekstri skólans og fullnægðu sömu kröfum. Þetta sé alrangt. Í þessari auglýsingu segi m. a. svo: „Athugið: Flestir áfanganna eru fullkomlega matshæfir á milli framhaldsskólanna“. Þessi staðhæfing hafi verið röng eða a. m. k. verulega villandi, þar sem ekkert hafi legið fyrir um það, að nám við sumarskóla þann, sem stefnandi hugðist reka, væri matshæft. Því hafi verið óhjákvæmilegt fyrir stefnda að vekja athygli á því, hve kynning þessi væri villandi, og því, sem rangt væri í henni. Stefndi taldi auk þess, að rekstur sumarskólans í því horfi, sem stefnandi ráðgerði, bryti í bága við ýmis lagaákvæði. Því hafi stefndi kynnt þessa afstöðu sína með auglýsingu í Morgunblaðinu svo og á fundum með stefnanda.

Auglýsing stefnda hafi verið fullkomlega réttlæt看anleg miðað við aðdraganda málsins, sem að framan sé lýst.

Þá hafi ýmsir skólameistarar framhaldsskóla á Reykjavíkursvæðinu hengt af sjálfsdáðum upp auglýsingar á töflur í skólum sínum, þar sem lýst hafi verið yfir, að nám í sumarskóla þeim, sem stefnandi hugðist reka, yrði ekki metið við þeirra skóla. Þetta hafi að sjálfsögðu orðið til þess, að aðsókn að skóla stefnanda hafi orðið minni en ella. Þessar aðgerðir séu stefnda algjörlega óviðkomandi.

Stefndi kvaðst hafa litið svo á, að rekstur sumarskóla stefnanda fæli í sér brot á ýmsum lagaákvæðum, og ákveðið að láta á það reyna með því að krefjast lögbanns.

Endanleg niðurstaða hafi legið fyrir með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 1993, um það leyti, sem sumarskólanum lauk.

Þátttaka í sumarskólanum hafi verið góð og a. m. k. í fullu samræmi við það, sem verið hafði árin 1990, 1991 og 1992, að teknu tilliti til allra aðstæðna, sem stefnandi hafði valdið og að framan sé lýst.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar aðallega á VII. kafla laga um kyrrsetningu og lögbann o. fl. nr. 31/1990. Í 6. mgr. 42. gr., sbr. 1. - 3. mgr. 42. gr. til-

vitnaðra laga, segi efnislega, að gerðarbeiðandi skuli bæta gerðarþola þann miska og fjártjón, þar á meðal spjöll á lánstrausti og viðskiptahagsmunum, sem telja verði, að gerðin hafi valdið, ef lögbannskrafa fái ekki framgang. Því sé ótvírætt, að stefndi sé bótaskyldur fyrir öllu því tjóni, sem fram komin lögbannsbeiðni hafi valdið stefnanda. Þá vísar stefnandi til almennrar reglu skaðabótaréttar um bætur utan samninga, en ljóst sé, að stefndi hafi með ólögmætum og saknæmum hætti valdið stefnanda tjóni, m. a. með auglýsingu í Morgunblaðinu 27. maí 1993.

Stefnandi gerir eftirfarandi grein fyrir bótakröfu sinni:

Hann telur sig hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna aðgerða stefnda, sem stafi af fjárhagslegri skerðingu á margvíslegum hagsmunum, og séu þessir helstir:

1. kröfuliður.

Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir beinum útgjöldum vegna lögbannsbeiðninnar. Þessi útgjöld séu að mestu leyti lögmanskostnaður vegna flutnings lögbannsmálsins hjá sýslumanni og fyrir héraðsdómi. Stefnanda hafi þegar verið gerður reikningur vegna þessara mála, að fjárhæð 695.955 kr. Til frádráttar komi dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi, að fjárhæð 250.000 kr. Beint tjón sitt nemi því mismuninum, 445.955 kr.

2. kröfuliður.

Stefnandi kveðst hafa þurft að eyða verulegum tíma vegna málsvarnar í lögbannsmálinu. Hafi þessi vinna verið fólgin í fundum með lögmanni, með fyrirvarsmönnum stefnda, viðtölum við fréttamenn, gagnaöflun og mörgu fleira. Miðað við umfang málsins verði að leggja til grundvallar, að stefnandi hafi eytt að jafnaði 20 tímum í málið á viku þær sex vikur, sem mála-reksturinn hafi staðið. Samtals geri þetta 120 klst. Stefnandi sé viðskiptafræðingur að mennt, og sé því eðlilegast að reikna vinnutap hans samkvæmt útseldri vinnu viðskiptafræðings í stjórnunarstarfi, sem sé 3.000 kr. á tímann án virðisaukaskatts. Að viðbættum virðisaukaskatti nemi þessi liður 448.200 krónum.

3. kröfuliður.

Stefnandi miðar við 42. gr. laga nr. 31/1990 í þessum kröfulið.

Lagagrein þessi geri ráð fyrir, að gerðarbeiðandi bæti gerðarþola spjöll á viðskiptahagsmunum. Þeir viðskiptahagsmunir, sem í húfi hafi verið að mati stefnanda, felist í því, að gera megí ráð fyrir, að töluverður hluti námsmanna hafi hætt við nám í sumarskóla hans vegna aðgerða og yfirlýsinga stefnda. Námsmenn, sem ráðgert höfðu að skrá sig í skólann, hefðu ástæðu til að ætla vegna yfirlýsinga stefnda, að nám við skólann myndi ekki verða

metið til eininga við aðra framhaldsskóla, auk þess sem hugsanlegt væri, að lagt yrði lögbann á skólastarfið, áður en því lyki. Ómögulegt sé fyrir stefnanda að sanna nákvæmlega, hve margir nemendur hafi hætt við að skrá sig í skólann vegna aðgerða stefnda. Hins vegar megi áætla, að þessi fjöldi hafi verið um 100 manns. Þar sem skólagjald fyrir hvern nemanda hafi numið 15.900 kr., nemi heildartjón skv. þessum kröfulið 1.590.000 kr. Þar eigi stefnandi helmingshlutdeild á móti Pétri Birni Péturssyni, sem ekki sé aðili að þessu máli.

Bótafjárhæð stefnanda skv. þessum kröfulið nemi því 795.000 krónum.

4. kröfuliður.

Stefnandi heldur því fram skv. þessum kröfulið, að aðgerðir stefnda hafi valdið því, að hluti þeirra nemenda, sem skráð höfðu sig í skólann, hefði hætt við án þess að greiða skólagjöld. Áður en stefndi hafi hafið aðgerðir sínar, hefðu 240 nemendur skráð sig í skólann. Hins vegar hefðu einungis 186 greitt skólagjöld. Ljóst sé, að mikill meiri hluti þessara nemenda hafi hætt við námið vegna aðgerða stefnda. Áætlað stefnandi, að 50 nemendur úr hópi þeirra, sem skráðu sig í skólann, hafi hætt námi m. a. vegna aðgerða stefnda. Nemi heildartjón því 795.000 kr., og þar af sé hluti stefnanda 397.500 kr., þ. e. helmingur heildartjónsins.

5. kröfuliður.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til miskabóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., sem hann styður eftirfarandi rökum:

Ljóst sé, að tjón stefnanda verði ekki að fullu bætt, enda þótt hann fái bættan útlagðan kostnað, vinnutap svo og bætur vegna fækkunar nemenda.

Ótalið sé tjón hans vegna miska, sem hann hafi orðið fyrir vegna málsins. Meðan á því stóð, hafi vofað yfir, að stefnandi yrði fyrir fjárhagslegu tjóni, ef lögbann hefði verið sett á starfsemi skólans. Fjárhagsleg afkoma hans hafi verið í húfi, og málinu hafi því fylgt fjárhagsáhyggjur. Þá hafi verið af stefnda hálfu kastað rýrð á stefnanda, bæði sem kennara og sem stjórnanda skólans, auk þess sem skólinn hafi orðið fyrir álitshnekki með því, að forvarsmenn stefnda hafi gert lítið úr honum. Einnig verði að hafa framtíðarhagsmuni stefnanda í huga. Ef stefndi hefði ekki hafið aðgerðir, sé ljóst, að fjárhagslegur ávinningur af skólarekstrinum hefði verið meiri, og enn fremur sé augljóst, að stefnandi hafi minni áhuga á að endurtaka slíkt skólastarf, eigi hann sífellt yfir höfði sér aðgerðir af hálfu stefnda. Með hliðsjón af öllu þessu sé miskabótakrafa stefnanda skv. þessum kröfulið hæfileg.

Samtala framangreindra kröfuliða nemi 3.086.655 krónum, sem svari til stefnufjárhæðar málsins.

Verði ekki fallist á þær röksemdir, sem fram komi um bótafjárhæð, er

þess krafist af hálfu stefnanda, að dómurinn ákvarði honum skaðabætur eftir álitum í samræmi við niðurlagsákvæði 1. mgr. 42. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann. Í því sambandi sé rétt að líta til þess, að trygging gerðarbeiðanda hafi verið ákveðin 7.000.000 kr. af sýslumanninum í Reykjavík, þegar lögbannsbeiðni stefnda var lögð fram.

Stefnandi vísar til vaxtalaga nr. 25/1987, að því er varðar kröfu hans um dráttarvexti og vaxtavexti, en til 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að því er varðar málskostnaðarkröfu sína. Þá vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 í sambandi við kröfu sína um virðisaukaskatt á málskostnað og upplýsir, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og því sé honum nauðsyn á að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Um málsástæður og lagarök stefnda vísast að hluta til þess, sem rakið er hér að framan, þar sem málavextir eru raktir frá sjónarmiði stefnda. Þar er jafnframt gerð grein fyrir málsástæðum þeim, sem stefndi heldur fram.

Að öðru leyti eru sjónarmið og málsástæður stefnda í stórum dráttum sem hér segir:

Stefndi mótmælir skaðabótakröfu stefnanda í heild svo og einstökum kröfuliðum.

Stefnandi höfði mál þetta á tvíþættum grunni, annars vegar skv. ákvæðum 42. og 43. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann, en hins vegar á almennum reglum skaðabótaréttar um skaðabætur utan samninga.

Stefndi bendir á, að skaðabætur verði einungis dæmdar, að stefnandi sanni tjón sitt. Því aðeins sé heimilt að dæma bætur að álitum, ef sannað þykir, að fjártjón hafi orðið, en ekki unnt að færa sönnur á fjárhæð þess. Í tilviki stefnanda sé með öllu ósannað, að nokkurt fjártjón hafi orðið. Því geti hann í besta falli átt rétt til miskabóta, en mótmælt sé, að hann hafi orðið fyrir þeim miska, sem hann haldi fram í stefnu.

Stefndi gerir eftirfarandi athugasemdir við kröfuliði stefnanda:

Um kröfulið 1.

Stefnandi geri hér kröfu um skaðabætur, að fjárhæð 445.955 kr., vegna lögfræðikostnaðar, sem hann hafi þurft að greiða, og umfram séu þær 250.000 kr., sem hann hafi fengið úrskurðaðar af Héraðsdómi Reykjavíkur 30. júní 1993. Kröfu þessari sé mótmælt sem ósannaðri, enda engin gögn lögð fram til stuðnings henni. Þá sé þessari kröfu sjálfstætt mótmælt af þeirri ástæðu, að afstaða hafi verið tekin til þess af hliðsettum dómstóli, hver hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda ætti að vera. Verði sú ákvörðun ekki tekin upp, jafnvel þótt samkomulag hafi orðið um það með stefnanda og lögmanni hans, að hann greiddi hærri þóknun. Slíkt samkomulag sé stefnda með öllu óviðkomandi.

Um kröfulið 2.

Stefndi telur, að þessi kröfuliður stefnanda eigi ekki rétt á sér. Hér sé verið að krefja um kostnað vegna vinnu, sem stefnandi hafi þurft að leggja fram vegna málsvarnar í lögbanismálinu. Séu þar m. a. sérstaklega tilgreind viðtöl við fréttamenn o. fl., en slíkt sé stefnda algerlega óviðkomandi. Þá hafi þegar verið tekin afstaða til kostnaðar í lögbanismálinu, sbr. g-lið 129. gr. laga nr. 91/1991. Sá kostnaður hafi verið greiddur. Geti stefnandi engar viðbótarkröfur gert í þessu sambandi. Þá sé vinnuframlagi hans mótmælt sem allt of háu, tímagjald sé bersýnilega of hátt og margfalt herra en það tímagjald, sem ætla megi, að stefnandi fái greitt fyrir vinnu sína að jafnaði. Í því sambandi sé skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl þessu til stuðnings.

Um kröfulið 3.

Þá er því harðlega mótmælt af hálfu stefnda, að færri hafi sótt nám í sumarskóla stefnanda en ella hefðu gert þrátt fyrir aðgerðir stefnda. Þessi krafa sé með öllu ósönnuð og engin gögn lögð fram henni til stuðnings. Sé ógerlegt að átta sig á forsendum kröfugerðar þessarar, og sé henni því mótmælt sem rangri og ósannaðri. Ekkert liggi reyndar fyrir um það, að einhver nemandi hafi hætt við þátttöku í sumarskólanum vegna aðgerða stefnda og bent á, að mörg önnur atvik, sem áður sé lýst, hafi fælt nemendur frá þátttöku í sumarskólanum. Þau atvik séu ekki á ábyrgð stefnda.

Um kröfulið 4.

Vísað er til þess, sem lýst sé í umfjöllun um kröfulið 3 hér að framan. Sömu sjónarmið eigi hér við. Kröfuliður þessi sé með öllu ósannaður og engin gögn lögð fram þessu til sönnunar.

Um kröfulið 5.

Stefndi heldur því hér enn fram, að ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum miska vegna lögbanismáls þess, sem stefndi rak gegn honum. Því sé einnig mótmælt, að hagnaður skólans hafi minnkað vegna aðgerða stefnda, enda engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Ekki liggi frammi bókhalð sumarskólans né rekstraryfirlit eða upplýsingar um afkomu hans. Sé því vonlaust að henda reiður á þessum kröfulið frekar en öðrum. Þess sé óskað, að stefnandi leggi fram einhver gögn til stuðnings staðhæfingum um dvínandi lánstraust.

Stefndi staðhæfir, að málatilbúnaður stefnanda sé með þeim hætti, að því er fjárhæðir varði, að engin leið sé að festa hendur á rökstuðningi fyrir kröfum hans og þess enginn kostur að átta sig á, hvernig sanna eigi réttmæti einstakra kröfuliða.

Þá mótmælir stefndi því sérstaklega, að skaðabætur verði ákveðnar eftir álitum, enda sé forsenda þess, að slíkt sé gert, að fjártjón hafi í raun orðið, en slíkt sé með öllu ósannað í máli þessu.

Stefndi reisir kröfur sínar einkum á reglum VII. kafla laga nr. 31/1990 svo og almennum reglum um skaðabætur utan samninga. Þá sé jafnframt vísað til almennra reglna réttarfars um sönnun og sönnunarskyldu. Málskostnaðarkröfu sína styður stefndi við ákvæði XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslu fyrir dóminum:

Eggert Lárusson, formaður stjórnar stefnda, þegar framangreindir atburðir urðu, Ólafur Garðar Einarsson menntamálaráðherra, Guðríður Sigurðardóttir, ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneytinu, Kristín Arnalds, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Kristján Bersi Ólafsson, skólameistari Fjölbrautaskólans í Hafnarfirði, Hafsteinn Þór Stefánsson, skólameistari Fjölbrautaskólans við Ármúla, Örnólfur Thorlacius, rektor Menntaskólans við Hamrahlíð, Sigríður Jakobína Hannesdóttir, kennari við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og stjórnarmaður í stjórn stefnda, og Sólveig Anna Eyjólfsdóttir nemandi.

Verður vikið að framburði þessara aðila síðar, eftir því sem tilefni þykir.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og að framan er lýst, fjallar mál þetta um það, hvort stefnandi eigi rétt til bóta fyrir þær aðgerðir stefnda, sem miðuðu að því að hindra starfrækslu sumarskóla, sem hann stóð fyrir í júnímánuði 1993.

Aðgerðir stefnda voru tvíþættar. Annars vegar fólust þær í því að valda óvissu hjá þeim nemendum, sem hugðust stunda nám í sumarskóla stefnanda, um það, að námið yrði ekki viðurkennt í öðrum framhaldsskólum, svo að þeim tíma og kostnaði, sem skólavist væri samfara, yrði kastað á glæ. Hins vegar miðuðust aðgerðir stefnda við það að koma í veg fyrir starfrækslu skólans með því að óska eftir því við sýslumannsembættið í Reykjavík, að lögbann yrði lagt á starfsemi skólans, eftir að skólastarf þar hófst. Víst er um það, að þessar aðgerðir stefnda hafa valdið stefnanda tjóni, sem fólst í því, að færri nemendur hafa án efa leitað eftir námi í skóla hans en ella hefði orðið.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda annars vegar á almennu skaðabótareglunni um bætur utan samninga, en hins vegar á beinu ákvæði 6. mgr. 42. gr., sbr. 1.-3. mgr. 42. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 31/1990. Um var að ræða samfelldar aðgerðir af hálfu stefnda, sem frá upphafi beindust að því að koma í veg fyrir starfrækslu sumarskóla stefnanda í því horfi, sem hann hafði ráðgert.

Eggert Lárusson, formaður stefnda, þegar umræddar aðgerðir fóru fram, bar það hér fyrir dómi, að auglýsingin frá 27. maí 1993 hefði beinlínis verið birt í því skyni að koma í veg fyrir starfrækslu sumarskóla stefnanda. Hann gat þess einnig, að þá þegar hefði undirbúningur lögbannsaðgerðanna verið hafinn.

Það er mat réttarins, að erfitt sé, eins og hér stendur á, að setja skýr mörk milli þeirra aðgerða stefnda, þar sem almennu skaðabótareglunni verði beitt, og lögbannsaðgerðarinnar sjálfrar og áhrifum hennar. Víst er um það, að þessar aðgerðir stefnda hafa valdið stefnanda tjóni, sem fólst í því, að færri nemendur hafa án efa leitað eftir námi í skóla hans en ella hefði orðið.

Væri þröngri lögskýringu á tilvitnuðum ákvæðum laganna nr. 31/1990 ávallt beitt í tilvikum, sem hér um ræðir, hefði það í flestum dæmum í för með sér veruleg réttarspjöll fyrir þann, sem lögbann beindist að, enda ljóst, að hótunin ein um lögbann og sú réttaróvissa, sem hún hefur í för með sér, sé líkleg til að valda tjóni, sem nær ófært sé að færa sönnur á. Þetta myndi leiða til þess, að lögbannsleiðin yrði oftast valin í trausti þess, að sá, sem fyrir yrði, gæti ekki lagt sönnur á tjón, sem lögbannið ylli, en oft er aðstaða lögbannspóla með þeim hætti.

Lögbannsaðgerð er neyðarráðstöfun, sem einungis skal beita, ef allt um þrýtur og ótvíræð skilyrði séu fyrir hendi. Löglíkur eru taldar liggja til þess, að slík aðgerð sé til þess fallin að baka þeim tjón, sem hún beinist að. Á grundvelli þessa sjónarmiðs hefur löggjafinn bæði gert að skilyrði, að trygging sé yfirleitt sett fyrir tjóni, sem lögbannsgerð kann að valda, sbr. 26. gr. og 8. gr. laganna nr. 31/1990, og að heimilt sé að dæma skaðabætur að álitum, sbr. 1. mgr. 42. gr. tilvitnaðra laga, ef ljóst þykir, að fjárhagslegt tjón hafi hlotist af gerðinni, án þess að unnt sé að færa nákvæmar sönnur á, að svo hafi verið. Í þessu ljósi verður fjallað um fram setta bótakröfu stefnanda hér á eftir.

Stefnandi hefur sett fram bótakröfu í fimm töluliðum, eins og vikið er að hér að framan. Verður nú tekin afstaða til hvers kröfuliðar.

Um 1. kröfulið.

Stefnandi hefur lagt fram reikning, dags. 30. júní 1993, að fjárhæð 695.955 kr., til sönnunar fyrir þessum kröfulið. Þar af nemur virðisaukaskattur 136.955 kr. Reikningurinn ber með sér, að um sé að ræða 86 klst., hver á 6.500 kr.

Eins og að framan greinir, varðar þessi kröfuliður lögmannspóknun vegna vinnu við lögbannsmál, sem áður er vikið að. Í lögbannsmálinu gerði lögmaður stefnanda kröfu um málskostnað að skaðlausu að mati héraðs-

dómara. Stefnanda var úrskurðaður málskostnaður skv. þessu, að fjárhæð 250.000 kr., að með töldum virðisaukaskatti.

Fallist er á það með stefnda með vísan til 2. tl. 116. gr. laga nr. 91/1991, að fyrri ákvörðun héraðsdóms um málskostnað stefnanda til handa sé ekki háð endurskoðun hliðsetts dómstóls, þar sem þessu álitæfni hafi þar verið endanlega ráðið til lykta.

Kröfu stefnanda skv. þessum kröfulið er því hafnað.

Um 2. kröfulið.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til bóta fyrir vinnu, sem hann þurfti að leggja fram vegna málsvarnar í lögbannsmálinu, eins og nánar er lýst hér að framan.

Stefndi hefur krafist sýknu á þessum kröfulið með sömu rökum og lýst er undir lið 1 hér að framan.

Ekki er fallist á það með stefnda, að héraðsdómur hafi tekið afstöðu til þeirrar vinnu, sem stefnandi hefur óhjákvæmilega þurft að leggja af mörkum vegna lögbannsaðgerða stefnda og krafist er greiðslu á skv. þessum kröfulið. Málskostnaðarúrlausn héraðsdóms virðist algerlega hafa byggst á ákvörðun um þóknun til lögmanns stefnanda, en ekki tekið afstöðu til vinnu og óþæginda stefnanda sjálfs af völdum aðgerða stefnda.

Stefnandi gerir kröfu til greiðslu á 120 vinnustundum á 3.000 kr. hverri. Skv. framburði Eggerts Lárussonar hér fyrir dómi nema tímalaun kennara 518,09 kr. við störf, sem ekki tengjast kennslu. Við mat á skaðabótum til stefnanda að þessu leyti verður litið til þessa og eins til þess, að oftalinn þykir sá tími, sem stefnandi áætla, að hafi farið forgörðum vegna aðgerða stefnda.

Bætur til stefnanda skv. þessum kröfulið felast í heildarákvörðun dómsins um bætur til stefnanda, sem tilgreindar verða í niðurlagi dómsins.

Um 3. kröfulið.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu um bætur úr hendi stefnda fyrir spjöll á viðskiptahagsmunum með vísan til 42. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu og lögbann. Krafan er, eins og áður segir, studd því, að töluverður fjöldi námsmanna hafi hætt við að fara í skólann vegna yfirlýsinga og aðgerða stefnda.

Stefndi hefur mótmælt því harðlega, að aðgerðir hans hafi valdið því, að færri hafi sótt nám í sumarskóla stefnanda en ella hefðu gert, ef ekki hefði komið til aðgerða stefnda. Stefndi bendir á það, að aðsókn í sumarskóla stefnanda hafi verið mun betri en sumarskóla FB, sem haldinn var undanfarandi sumur. Því til stuðnings vísar hann til framburðar Kristínar Arnalds og Sigríðar Jakobínu Hannesdóttur hér fyrir dómi, en þær báru, að aðsókn í

sumarskóla FB hefði verið með þeim hætti, að árið 1990 hefðu um 100 nemendur sótt sumarskólann, næsta ár hefðu um 150 nemendur stundað nám í sumarskólanum, en árið 1992 hefðu 160 nemendur sótt skólann.

Í sumarskóla stefnanda hafi 186 nemendur stundað nám. Hér sé því um ákveðna og eðlilega stígandi að ræða í fjölgun nemenda og sýnilegt, að aðgerðir stefnda hafi ekki valdið stefnanda neinu tjóni. Það sýni aðsókn í skóla hans. Einnig bendir stefndi á það, að ýmsir skólastjórar hafi að eigin frumkvæði gert nemendum ljóst, að óvíst væri, að nám í sumarskóla stefnanda yrði viðurkennt við skóla þeirra.

Peir skólameistarar, sem nefndir eru hér að framan, báru það fyrir dómi, að þeir hefðu gert nemendum sínum þetta ljóst, en það hefði ekki ein-skorðast við skóla stefnanda, heldur sé sú starfsregla viðhöfð í skólum þeirra að meta sérstaklega, hvort nám við aðra skóla verði viðurkennt, þegar allar upplýsingar um námstilhögun og námsskrá liggi fyrir. Upplýsingar hafi ekki verið tiltækar á þessum tíma, og því hafi þeir talið rétt að gera nemendum þetta ljóst. Hins vegar hafi nám nemenda við sumarskóla stefnanda fengist viðurkennt í skólum þeirra á síðastliðnu hausti.

Dómurinn lítur svo á, að líklegt sé, að aðgerðir stefnda hafi orðið þess valdandi, að einhverjir nemendur hafi orðið afhuga námi í skóla stefnanda. Hins vegar sé ógerlegt að áætla með vissu tölu þeirra nemenda, sem hættu við nám af þessum ástæðum. Stefnandi hefur ekkert lagt fram til stuðnings þessum kröfulið, enda óhægt um vik. Bætur til stefnanda skv. þessum kröfulið verða því áætlaðar og felast í heildarfjárhæð bóta, sem tilgreindar verða í niðurlagi.

Um 4. kröfulið.

Þessi kröfuliður stefnanda byggist á því, að 240 nemendur hafi skráð sig í skólann, en einungis 186 greitt skólagjöld. Áætlar stefnandi, að 50 nemendur hafi hætt við skólavist af völdum aðgerða stefnda.

Stefnandi hefur ekki lagt fram nein gögn til sönnunar þessum kröfulið, s. s. skrá yfir þann fjölda nemenda, sem upphaflega skráðu sig í skólann. Hins vegar lítur dómurinn svo á, sbr. lið 3 hér að framan, að einhverjir nemendur kunni að hafa hætt við skólavist af völdum aðgerða stefnda.

Hliðsjón verður höfð af þessu við ákvörðun bóta til stefnanda hér á eftir.

Um 5. kröfulið.

Skv. þessum kröfulið gerir stefnandi kröfu til miskabóta til viðbótar fjárhagslegu tjóni sínu skv. framangreindum kröfuliðum.

Kröfu sína byggir stefnandi á því, að stefndi hafi með lögbannsaðgerðum sínum valdið honum margvíslegum miska, sem m. a. hafi falist í því, að

hann hafi, meðan á lögbannsaðgerðunum stóð, verið mjög uggandi um sinn hag í fjárhagslegu tilliti. Hann hafi verið bundinn af samningum við kennara svo og um leigu á aðstöðu til starfsemi sinnar. Einnig hafi verið fyrir-sjáanlegt, að hann hefði orðið að endurgreiða nemendum skólagjöld, ef lögbannsaðgerðir stefnanda hefðu náð fram að ganga, og hefði það leitt til verulegs fjártjóns fyrir hann.

Það er álit dómsins, að lögbannsaðgerðir stefnda myndu hafa haft mikið fjártjón í för með sér fyrir stefnanda, og þykir því fullvíst, að aðgerðirnar hafi verið mikil andleg áraun fyrir hann.

Stefnda hlaut að hafa verið ljóst, að tilraunir hans til að stöðva starfsemi stefnanda voru til þess fallnar að valda honum mikilli óvissu og áhyggjum um fjárhagslega stöðu sína. Stefnandi þykir því eiga rétt á bótum skv. þessum kröfulið.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda bætur, sem ákvarðast alls 745.955 kr. skv. framangreindum kröfuliðum, auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. september 1993 til greiðsludags með vaxtauppfærslu á tólf mánaða fresti, fyrst 23. september 1994, með vísan til 12. gr. tilvitnaðra vaxtalaga.

Skv. þessum úrslitum skal stefndi greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 160.000 kr., og er virðisaukaskattur ekki innifalinn í þeirri fjárhæð.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hið íslenska kennarafélag, greiði stefnanda, Ólafi Hauki Johnson, 745.955 kr., auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. september 1993 til greiðsludags, og skulu áfallnir vextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 23. september 1994.

Stefndi greiði stefnanda 160.000 kr. í málskostnað.